

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 31

1. árgangur

2.9.1994

## I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II. EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III. EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/31/01	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.172 - Benetton Time S.A.) ..... 01
94/EES/31/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.499 - Jefferson Smurfit/St Gobain) ..... 01
94/EES/31/03	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans (Mál nr. IV/34.792 - CMC-Talkline) ..... 02
94/EES/31/04	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi rafmagnsiðnaðinn í Skotlandi (Mál nr. IV/35.091 - Scottish Power and British Coal og mál nr. IV/35.092 - Scottish Power, Scottish Hydro-Electric and British Coal) ..... 03
94/EES/31/05	Auglýsing um opin hæfnispróf ..... 03

<b>94/EES/31/06</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.478 - Voith/Sulzer (II)) .....	04
<b>94/EES/31/07</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.410 - Kirch/Richemont/Telepiù) .....	04
<b>94/EES/31/08</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.486 - Holdercim/Origny-Desvroise) .....	05
<b>94/EES/31/09</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.471 - Delhaize/PG) .....	05
<b>94/EES/31/10</b>	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.502 - VAG/SAB) .....	06

**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni

**94/EES/31/01**

#### (Mál nr. IV/35.172 - Benetton Time S.A.)

1. Framkvæmdastjórninni barst 1.8. 1994 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í formi skráðs félags, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, myndað af Benetton International N.V. (Hollandi), Junghans Uhren GmbH (Þýskalandi) og TMX Limited (Bermúda). Fyrirkomulagið gerir ráð fyrir leyfisframsali til nýs félags Benetton vörumerkjanna, að Junghans og TMX sjái félaginu fyrir klukkum eða úrum í samræmi við hannanir Benetton og að dreifing varanna fari fram í gegnum dreifingarkerfi TMX og Junghans.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að sameignarfélagið sem tilkynnt hefur verið um svo og samningar þar að lútandi geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 242, 30.8.1994. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 98 08) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.172, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Directorate D  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram

**94/EES/31/02**

#### (Mál nr. IV/M.499 - Jefferson Smurfit/St Gobain)

1. Framkvæmdastjórninni barst 16.8.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup> þar sem Jefferson Smurfit plc mun kaupa pappírs- og pökkunarhluta Compagnie de St Gobain með öflun eignarhluta í dótturfyrirtækjum félaga innan St Gobain fyrirtækjasamstæðunnar.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Jefferson Smurfit: útvegum á pappír og pappaspjöldum, nánar tiltekið efni í kassa úr bylgjupappa, kössum úr bylgjupappa, húðuðum pappír, samanbrjótanlegum pappa, efni í stóra pappírspoka og stórum pappírspokum
  - dótturfyrirtæki St Gobain: útvegum á pappír og pappaspjöldum, nánar tiltekið efni í kassa úr bylgjupappa, kössum úr bylgjupappa, húðuðum pappír, efni í stóra pappírspoka og stórum pappírspokum

(1) Stjtið. EB nr. 13 frá 21.2.1962, bls. 204.

(2) Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 243, 31.8.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.499-Jefferson Smurfit/St Gobain, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins  
nr. 17/62 varðandi beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft  
eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans**

**94/EES/31/03**

**(Mál nr. IV/34.792 - CMC-Talkline)**

Í máli nr. IV/34.792 - Communications de Mobile Cellulaire SA (CMC)-Talkline hefur framkvæmdastjórnin í hyggju að taka jákvæða afstöðu gagnvart tilkynntum samningi samkvæmt samkeppnisreglum EB-sáttmálans. Hún hefur birt útdrátt úr tilkynningu þar að lútandi í Stjttíð. EB nr. C 221, 9.8.1994, bls. 9 samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>. CMC er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem annast farsímaþjónustu. Samningurinn felur í sér mikilvægar breytingar í fjármagnsuppbyggingu CMC. Hlutaðeigandi aðilar eru Matra Communications SA (Frakklandi), Cellcom Ltd (Breska konungsríkinu), Talkline PS PhoneService GmbH (Þýskalandi), Norauto SA (Frakklandi) og Talkline Nordic (Danmörku).

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá því að auglýsingin birtist í Stjttíð. EB, á eftirfarandi heimilisfang og tilgreina tilvísun IV/34.792 - CMC-Talkline. Í samræmi við 20. gr. reglugerðar nr. 17/62 munu ákvæði um þagnarskyldu gilda um slíkar athugasemdir.

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate for restrictive practices, abuse of dominant positions and other distortions of  
Competition I  
Electrical and electronic manufactured products, information industries and telecom-  
munications  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

Bréfasími: +32 2 296 98 09

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 13, 21.12.1962, bls. 204.

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins  
nr. 17/62 varðandi rafmagnsiðnaðinn í Skotlandi**

94/EES/31/04

**(Mál nr. IV/35.091 - Scottish Power and British Coal og mál nr. IV/35.092 -  
Scottish Power, Scottish Hydro-Electric and British Coal)**

Í máli nr. IV/35.091 - Scottish Power and British Coal og máli nr. IV/35.092 - Scottish Power, Scottish Hydro-Electric and British Coal hefur framkvæmdastjórnin í hyggju að taka jákvæða afstöðu gagnvart tilkynntum samningum samkvæmt samkeppnisreglum EB-sáttmálans og EES-samningsins. Hún hefur birt útdrátt úr tilkynningu þar að lútandi í Stjtið. EB nr. C 223, 11.8.1994, bls. 8 samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>. Samningarnir varða samstarf í rafmagnsiðnaðinum í Skotlandi.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, innan 30 daga frá því að auglýsingin birtist í Stjtið. EB, og tilgreina viðkomandi tilvísun, við:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

**FRAMKVÆMDASTJÓRNIN  
EFNAHAGS- OG FÉLAGSMÁLANEFNDIN**

94/EES/31/05

**Auglýsing um opin hæfnispróf**

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins og efnahags- og félagsmálanefndin skipuleggja eftirtalin opin hæfnispróf:

- EUR/LA/44: yfirlesarar/yfirþýðendur (finnska)
- EUR/LA/47: yfirlesarar/yfirþýðendur (norska)
- EUR/LA/41: yfirlesarar/yfirþýðendur (sænska)

Auglýsingar um hæfnispróf (á sænsku, norsku og finnsku) og umsóknareyðublöðin eru fáanleg hjá:

Commission of the European Communities  
Info Recrutement  
41 rue de la Science  
B - 1049 Brussels

*Lokafrestur til að skila inn umsóknum rennur út 20. september 1994.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21.12.1962, bls. 204.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****94/EES/31/06****(Mál nr. IV/M.478 - Voith/Sulzer (II))**

Framkvæmdastjórnin ákvað 29.7.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****94/EES/31/07****(Mál nr. IV/M.410 - Kirch/Richemont/Telepiù)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 2.8.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

(1) Stjótið. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjótið. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****94/EES/31/08****(Mál nr. IV/M.486 - Holdercim/Origny-Desvroise)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5.8.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****94/EES/31/09****(Mál nr. IV/M.471 - Delhaize/PG)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22.8.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

(1) Stjórn. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjórn. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/31/10****(Mál nr. IV/M.502 - VAG/SAB)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18.8.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Volkswagen AG, Wolfsburg/D (VAG) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Sächsische Automobilbau GmbH, Mosel/D (SAB) með því að kaupa 87,5 % hlutabréfa af Treuhandanstalt, Berlin (THA).

VAG er einnig hluthafi í SAB áður en viðskiptin eiga sér stað með 12,5 % hluta.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - VAG: bílaframleiðsla og bílasala,
  - SAB: samsetning og lokafrágangur bíla.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 246, 2.9.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M. 502 VAG/SAB, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.